

Sauðárkrókur 24. ágúst 2009

Verkefnastefnumót Höfn Hornafirði 21. – 22. september

Dagana 21. – 22. september n.k. verður haldið verkefnastefnumót íslenskra þátttakenda í verkefnum innan Norðurslóðaáætlunar í Nýheimum, Höfn Hornafirði.

Mikilvægt er að öll verkefni Norðurslóðaáætlunar 2007-2013 sendi (1-3) þátttakendur á fundinn. Fundurinn er jafnframt opinn öllum sem áhuga hafa á að kynna sér áætlunina og framkvæmd hennar hér á landi.

Meginmarkmið fundarins er að

- efla tengslanet þátttakenda
- fara yfir helstu þætti er varða fjárhagsuppgjör, skýrslugerð og endurskoðun
- ræða þátttöku verkefna í árlegri ráðstefnu Norðurslóðaáætlunar Lava 09 í lðnó 10. – 11. nóvember n.k. og fyrirhugaðar verkefnakynningar í tengslum við hana í Tjarnarsal, Ráðhúss Reykjavíkur
- fara yfir þátttöku Íslands í áætluninni m.a. með verkefnakynningum
- kynna í hvaða áherslur áætlunarinnar vantar verkefni
- að ræða um aukið og bætt upplýsingaflæði og samstarf

Meðfylgjandi er dagskrá fundarins sem stendur frá hádegi til hádegis. Fyrir hádegi 21. september verður farin skoðunarferð um ríki Vatnajökuls undir leiðsögn Þorvarðs Árnason, Ph.D., forstöðumanns Fræðaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, sem jafnframt mun þá kynna NEED verkefnið.

Þátttökugjald er kr. 7.500 sem greiða skal á reikning Byggðastofnunar nr. 310-26-5909 k.t. 450679-0389 og senda kvittun á netfangið gugga@byggdastofnun.is Innifalið er skoðunarferð, gisting á Hótel Ásgarði, hádegisverðir, kvöldverður, fundarkaffi og annar fundarkostnaður.

Flugfélagið Ernir er með áætlunarflug til Hafnar og er brottför kl. 7:30 á mánudagsmorgunn og til baka eftir fund á þriðjudag.

Meðfylgjandi er **skráningarform** vegna þátttöku, sem óskast sent sem allra fyrst og eigi **síðar en 10. september** í tölvupósti á netfangið thorarinn@byggdastofnun.is

Með bestu kveðjum

Hanna Dóra Másdóttir
Iðnaðarráðuneyti

Þórarinn Sólmundarson
Byggðastofnun

